

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Borgarlögmaður

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurskoðun á fyrirkomulagi eignarhalds á íbúðarlóðum

Á fundi borgarráðs 15. júní s.l. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að fyrirkomulag eignarhalds á íbúðarlóðum hjá Reykjavíkurborg verði endurskoðað. Kannaðir verði kostir og gallar þess að leigulóðum íbúðarhúsnæðis verði afsalað til eigenda þess húsnæðis sem á lóðunum stendur.

Umsögn:

Stefna Reykjavíkurborgar hefur um áratugaskeið verið að lóðir innan lögsagnarumdæmis sveitarfélagsins skuli vera í eigu sveitarfélagsins. Staða sveitarfélagsins er tryggari með þeim hætti, sérstaklega ef horft til skipulagsmála. Þegar lóðarleigusamningur rennur út er Reykjavíkurborg frjálst að ákveða að endurnýja ekki lóðarleigusamning ef skipulagslegar forsendur þykja ekki lengur vera fyrir hendi. Oftast er ákvæði í lóðarleigusamningum þess efnis að sveitarfélagið leysi til sín eignina á matsverði. Engu að síður eru heimildirnar allt aðrar en ef um eignarlóð er að ræða. Reykjavíkurborg þyrfti að beita eignarnámsheimildum skipulagslaga, ef um eignarlóð væri að ræða, með tilheyrandi kostnaði ef þörf væri á að leysa lóðina til sín svo hrinda megi skipulagsáformum í framkvæmd. Þótt sjaldnar reyni á slíkt en þegar um atvinnulóðir er að ræða verður engu að síður ekki litið framhjá því að réttarstaðan yrði allt önnur og Reykjavíkurborg mun óhjákvæmilega þróast eftir því sem tíminn líður, íbúðahverfin líka.

Þá hefur Reykjavíkurborg umtalsverðar tekjur af innheimtu lóðaleigu. Tekjur af lóðarleigu á árinu 2016 vegna íbúðarhúsnæðis námu kr. 479.259.000.- á árinu 2016. Áætlaðar tekjur vegna sama húsnæðis á árinu 2017 eru áætlaðar kr. 525.709.000.- og vegna ársins 2018 kr. 608.382.000.-

Því er einsýnt að bæði fjárhagslegt og skipulagslegt óhagræði er af framkominni tillögu. Er því alfarið lagst gegn henni.

Kristbjörg Stephensen

